

Til sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir jákvæðar undirtektir á fundinum sem við áttum um íþrótta- og æskulýðsmál í ágúst síðastliðnum. Á þeim fundi var lagt til að ég myndi fara á fund með Bláskógabyggðarmönnum og hef ég nú farið á fund sveitastjórnar með sams konar kynningu og ég gerði hjá ykkur. Á fundinum í Aratungu var jákvætt tekið í erindið, eins og í Árnesi. Þá er komið að velta fyrir sér næstu skrefum.

Hugmyndin er sú að sveitarfélögin þrjú, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, skipi starfsnefnd um íþrótta- og æskulýðsmál þar sem megintilgangurinn er að skoða íþróttastarfið í sveitarfélögunum vel og kosti og galla þess að fara í aukið samstarf. Einn maður yrði skipaður frá hverju sveitarfélagi í nefndina og myndi hún skoða þessi mál í víðu samhengi, vinna með ungmennafélögum og komast að lokum að niðurstöðu.

Talverð umræða hefur átt sér stað í samfélögunum okkar undanfarin ár um aukið samstarf en ekki hefur tekist hjá forsvarsmönnum ungmennafélaganna að vinna það mál áfram. Því er lagt til og farið þess á leit við sveitarfélögin að þau styðji við þá vinnu með skipun þessarar nefndar. Til þess að þessi vinna verði skilvirk þarf aðkomu sveitarfélaganna. Það segi ég af fyrri reynslu, því vinnan hefur hingað til stoppað hjá sjálfboðaliðum innan ungmennafélaganna sem hafa meira en nóg á sinni könnu.

Takk fyrir lesturinn og ég vona innilega að það verði tekið jákvætt í þetta erindi.

Með vinsemd og virðingu,

Árni Þór Hilmarsson

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Hrunamannahrepps og íþróttafulltrúi UMFH.